# RANGÁRÞING EYSTRA - SKÍÐBAKKI
## Deiliskipulag




Skýringaruppdráttur, mkv 1:2000.




Deiliskipulagsuppdráttur, mkv 1:2000.




**Aðalskipulagsuppdráttur Rangárþings eystra 2012-2024. Ekki í kvarða.**

**SAMÞYKKTIR:**

**Deiliskipulag þettasem auglýst hefur verið skv. 1.mgr.41.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá ______________________________**

**Var samþykkt í sveitastjórn Rangárþing Eystra**

**þann______________________________20...**

**Samþykkt deiliskipulags var auglýst í B-deild**

**Stjórnartíðinda þann______________________20...**

______________________________

**GREINARGERÐ**

**1. INNGANGUR**

**Skipulagssvæðið**

Deiliskipulagið nær til um 1,85ha landspildu úr landi Skíðabakka II, landnúmer L163894 og afmarkast af Skíðbakka I til austurs og Stóru Hildisey til norðurs. Deiliskipulagið tekur til 3 lóðir fyrir íbúðarhúsnæði, gestahús og bílskúr/skemmu sem heimilt verður að stofna á grunni deiliskipulagsins. Afmörkun lóða, heiti þeirra, stærð og aðkoma að þeim er sýnd á uppdrætti.

Deiliskipulag þetta er í samræmi við nýtt endurskoðað Aðalskipulag Rangárþings eystra en þar er landsvæðið tilgreint sem landbúnaðarsvæði og þar sem skilmálar varðandi stærð landskika af þessari stærð eru eftirfarandi: Nýtingarhlutafall er 0,1. Byggingarmagn aldrei yfir 1000m2.

**Kortagrunnar og deiliskipulagsgögn**
Skipulagsuppdrættir er teiknaður eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf.

1. Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2000 sem sýnir lóðarmörk, byggingarreit og afstöðu til vega.
2. Skýringarmynd í mælikvarða 1:2000 sem sýnir hugmyndir um möguleika staðsetningu húsa, aðkomu að svæðinu sem og afstöðu til nærliggjandi byggðar.
3. Afstöðumynd í mælikvarða 1:100.000 sem er hluti af samþykktum aðalskipulagsuppdrætti Rangárþings eystra 2012-2024.

**Fornminjar**
Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagsvæðisins en finnist minjar við framkvæmdir skal haft samband við Minjastofnun Íslands sbr. lög um menningarminjar nr.80/2012.

**2. LÝSING DEILISKIPULAGS**

**Staðhættir og aðstæður**
Land er allt flatlent og grasi vaxið.

**Aðkoma og bílastæði**
Aðkoma er af Bakkavegi (tengivegur nr 252) og þaðan af aðkomuvegi til vesturs að lóðum. Bílastæði eru innan byggingarreits.

**Mannvirki**
Engin mannvirki eru á lóðum . Heimilt er að byggja íbúðarhús allt að 250m2 með mænishæð allt að 8m, gestahús, allt að 50m2 með mænishæð allt að 5m og bílskúr/skemmu, allt að 200m2 með mænishæð allt að 8m.

**Umhverfismat**
Umhverfismat skv gr. 5.5. skipulagsreglugerð: áhrif fyrirhugaða framkvæmda skv deiliskipulagi á umhverfi og vistkerfi: óveruleg, afturkræf. Í samræmi við við gr. 1.1. og 5.1.1. í skipulagsreglugerð.

**Vatnsveita**
Vatn er frá vatnsveitu sveitafélagsins sem sér um að leggja vatnslögn að lóðamörkum. Rafmagn er á vegum Rarik.
Veitur innheimta tengigjöld.

**Fráennsli**
Fráennsli frá húsum verður leitt í rotþró/hreinsivirki í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda. Gert er ráð fyrir að rotþrær verði staðsettar á lóðamörkum og að staðsetning og frágangur skal vera með þeim hætti að aðgegni til tæmingar og viðhalds sé auðvelt. Frágangur á fráveitu á að vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

**Rafveita**
Byggingar verða tengdar dreifikerfi Rarik. Lögnum skal komið fyrir í vegum og stígum að svo miku leyti sem hægt er.

**Sorp**
Í eða við byggingar skal vera aðstaða til flokkunarog geymslu sorps. Gera skal ráð fyrir 3 sorpílátum. Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við bygigngarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að aðgengi sé gott. Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

**3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR**

**Hönnun og uppdrættir**
Húsagerðir eru frjálsar öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Stefna aðalmænis er frjáls.

SKÝRINGAR:

- AFMÖRKUN SKIPULAGSREITS
- LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARREITUR
- 10000m2 STÆRÐ LÓÐAR
- BÍLASTÆÐI
- MÖGULEGT HÚS
- VEGUR
- 32.11 MÁLSETNING LÓÐA
- NÚVERANDI HÚS
- HREINSIVIRKI


**ARKITEKTASTOFAN AUSTURVÖLLUR**
FLÚÐASEL 66, 109 REYKJAVÍK Sími:698-6930 arkaust@mmedia.is

KRISTJÁN BJARNASON Kristjanarc@gmail.com
BYGG.FR. BFí s: 698-6930
Kt: 120369-5479


| | |
|---|---|
| NAFN SVEITARFÉLAGS | RANGÁRÞING EYSTRA |
| NAFN BYGGÐAR Í LANDI LÖGBÝLIS | FOSSAR DEILISKIPULAG LANDSPILDNA |
| SIGN: | |

| MÆLIKV: | VERK NR: | DAGS. |
|---|---|---|
| 1:2000 A2 | A593 | 20.01.2023 |